

86. stjórnarfundur Bergrisans bs.

23.6.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 190. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Beiðni um fjölgun tíma í NPA samningi – 102589

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir aukningu á NPA samningi fyrir einstakling með auðkennið 102589.

Einstaklingur er með SIS mat 9. Núverandi samningur hljóðar upp á 378 vinnustundir og er kostnaður vegna núgildandi samnings kr. 2.962.705 á mánuði. Vegna breyttra aðstæðna sem miða að því að tryggja öryggi er nú óskað eftir að auka vinnustundir til að koma til móts við einstaklinginn.

Stjórn Bergrisans samþykkir samhljóða að veita sveitarfélaginu Árborg heimild til að mæta öryggisráðstöfunum þar til niðurstaða er komin í nýtt SIS mat.

1.b. Nýtt úrræði í Birkihólum - Minnisblað

Kynnt er fyrirhugað úrræði fyrir börn í Birkihólum. Helstu forsendur rekstrar lagðar fram til samþykktar hjá stjórn Bergrisans.

Stjórn Bergrisans samþykkir nýtt úrræði fyrir börn í Birkihólum.

1.c. NPA samningur – 105890

Sveitarfélagið Ölfus sækir um NPA samning fyrir hönd einstaklings með auðkennið 105890. Viðkomandi er með SIS mat 11. Sótt er um 200 klukkustundir í þjónustu á mánuði.

Heildarkostnaður við samninginn verða kr. 1.623.400 á mánuði eða 19.480.800 á ári.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina með fyrirvara um 25% framlag ríkisins.

1.d. Beiðni um stoðþjónustu - 105344

Óskað er eftir 60 klukkustundum í stoðþjónustu á mánuði fyrir einstakling í SIS flokki 11.

Þjónustan er ætluð til að mæta breyttum aðstæðum í lífi barnsins en hann getur nú ekki nýtt sér frístundarúrræði líkt og hefur verið. Að auki á hann erfitt með að nýta úrræði eins og skammtímadvöl sökum fjarlægðar frá heimili.

Kostnaður við stoðþjónustu verða 413.940 kr. á mánuði eða 4.967.280 á ári.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Skaftholt

Farið var yfir stöðu mála í Skaftholti. Stjórn Bergrisans telur mikilvægt að fá niðurstöðu í ýmis mál milli Bergrisans og Skaftholts og er starfsfólki Bergrisans falið að hafa samband við stjórn Skaftholts.

3. Fullnaðarafgreiðsluheimildir Bergrisans

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála er varðar fullnaðarafgreiðsluheimildir, en þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. samþykkta Bergrisans bs. um umboð byggðasamlagsins til að taka fullnaðarákvarðanir er mikilvægt að sveitarfélög veiti Bergrisanum formlega afgreiðsluheimild í gegnum sínar eigin samþykkir.

Ljóst er afgreiðsluheimildir fyrir Bergrisanu eru aðeins mismunandi milli aðildarsveitarfélaga Bergrisans, og sum sveitarfélög hafa jafnvel enga heimild til staðar, og hvetur stjórn Bergrisans aðildarsveitarfélög til að fara í þessa vinnu og felur skrifstofustjóra að senda ítarlegri upplýsingar um málið til sveitarfélaga.

4. Þjónustusamningur við Brák og Árborg um Nauthaga 2

Þjónustusamningur við Brák og Árborg um Nauthaga 2 var lagður fram til samþykktar. Um er að ræða príhliða samkomulag um rekstur Nauthaga 2 við sölu Nauthaga frá Arnardrangi yfir til Brákar.

Stjórn samþykkir samninginn f.h. Bergrisans og felur stjórnarformanni að ganga frá undirritun samningsins.

5. Önnur mál

Öll sveitarfélög hafa samþykkt breytingar á samþykktum Bergrisans í tveimur umræðum og hafa breyttar samþykkir verið birtar í stjórnartíðindum:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d18ea4bb-80e8-4dc6-92ee-a7a4a027e8a4>

Fundi slitið klukkan 14:20.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson